

## 132. fundur stjórnar.

Fundargerð aðalfundar Spítalans okkar

Fundarstaður: Gróska

Dagsetning: 7. maí 2026

Tími: kl. 15:40–16:10

### 1. Setning fundar

Þorkell Sigurlaugsson formaður setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Hann lagði til að Anna Stefánsdóttir yrði fundarstjóri og Berglind Magnúsdóttir ritari fundar. Var það samþykkt samhljóða.

### 2. Skýrsla stjórnar.

Þorkell fór í upphafi yfir markmið Spítalans okkar og áherslur félagsins um að efla skilning og stuðning við uppbyggingu, aðstöðu og mönnun Landspítala í samstarfi við framkvæmdastjórn Landspítala, NLSH ohf., stjórnvöld og aðra hagaðila.

Kom hann inn á mikilvægi þess að:

- Landspítali geti sinnt hlutverki sínu sem aðalsjúkrahús landsins og háskólasjúkrahús.
- Efla menntun, rannsóknir og nýsköpun í heilbrigðisþjónustu.
- Styðja við tækninýjungar og bætta þjónustu við sjúklinga.
- Auka upplýsingagjöf til samfélagsins um uppbyggingu og þróun spítalaþjónustu.

#### Helstu verkefni ársins 2025–2026

Þorkell fór því næst yfir helstu verkefni stjórnar á starfsárinu 2025–2026.

Fram kom að:

- Haldinn var aðalfundur í maí á síðast ári og kynningar tengdar starfsemi félagsins.
- Stjórn hélt 12 stjórnarfundi á árinu.
- Fundir voru haldnir með Landssamtökum eldri borgara og Félagi eldri borgara í Reykjavík til að kynna starfsemi félagsins og fjölga félagsmönnum.
- Sérstök áhersla hefði verið lögð á að húsnæði fyrir geðdeildir yrði í forgangi í uppbyggingu nýs Landspítala.
- Unnið væri að því að setja reglulega inn upplýsingar á heimasíðu félagsins og Facebook-síðu um fundi og verkefni, meðal annars fundi með hagaðilum svo sem Landspítala og NLSH.
- Félagið tók þátt í ýmsum kynningarfundum á vegum NLSH ohf.

Þorkell sagði einnig frá vel heppnuðu málþingi sem haldið var í mars 2026 þar sem um 70 manns mættu. Á málþinginu var meðal annars fjallað um:

- stafræna umbreytingu í heilbrigðisþjónustu,

- uppbyggingu nýs Landspítala,
- þróun annarra heilbrigðisbygginga, svo sem Grensáss og viðbyggingar við Sjúkrahúsið á Akureyri.

Þorkell fór einnig yfir skipan stjórnar frá síðasta aðalfundi og nefndi að Atli Rúnar Halldórsson hefði óskað eftir því að hætta stjórnarstörfum skömmu eftir síðasta aðalfund vegna annarra verkefna

#### **4. Ársreikningar**

Að lokinni skýrslu stjórnar tók Anna Stefánsdóttir við fundarstjórn. Áður en hún kynnti Þorkell til leiks að nýju sagði hún frá heimsókn sem hún hafði farið í fyrr um daginn til að skoða nýja spítalann og lýsti henni sem mjög jákvæðri og áhrifamikilli upplifun. Gaf hún því næst Þorkeli Sigurlaugssyni orðið til að fara yfir ársreikning félagsins.

Þorkell fór því næst yfir ársreikninga félagsins fyrir árið 2025:

- Tekjur ársins námu um 1.021 milljónum króna.
- Gjöld námu um 1.794 milljónum króna og afkoman því neikvæð um kr. 773 þúsund.
- Efnahagstaða félagsins í lok árs 2025 var um einn milljarður króna í handbáru fé, en engar skuldir hvíldu á félaginu og eigið fé félagsins nam því um kr. 997 þúsund króna í árslok. .

Skýrsla stjórnar og ársreikningar voru bornir upp til samþykktar og samþykktir samhljóða.

#### **5. Árgjald og lagabreytingar**

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

Stjórn lagði til að árgjald yrði óbreytt frá fyrra ári, kr. 3.000. Fram kom hugmynd um að hækka þetta í smáum skrefum t.d. um 100 krónu hækkun nú, en niðurstaðan varð að halda árgjaldi óbreyttu. Tillagan var samþykkt samhljóða.

#### **6. Kosningar**

##### **Kjör formanns**

Þorkell Sigurlaugsson gaf kost á sér áfram sem formaður félagsins. Var hann samþykktur með lófataki.

##### **Kjör stjórnar**

Til endurkjörs gáfu kost á sér:

- Berglind Magnúsdóttir
- Áslaug Eva Björnsdóttir
- Ingibjörg Guðmundsdóttir
- Gunnlaug Ottesen

Jón Ólafur Ólafsson og Atli Rúnar Halldórsson gáfu ekki kost á sér til endurkjörs.

Ný framboð til stjórnar voru:

- Árni Már Haraldsson, gjörgæsluhjúkrunarfræðingur
- Gunnar Bjarni Ragnarsson, sérfræðingur í lyflækningum og krabbameins

Tillaga um nýja stjórn var borin upp og samþykkt samhljóða.

Kjör skoðunarmanna

Guðmundur Sigfinnsson og Lilja Stefánsdóttir gáfu kost á sér til áframhaldandi starfa sem skoðunarmenn félagsins. Samþykkt samhljóða.

## 7. Önnur mál

Gunnar Bjarni Ragnarsson tók til máls og lagði fram hugmynd um framtíðarmálþing þar sem fjallað yrði um hvernig byggja mætti upp heildrænt net heilbrigðisþjónustu um allt land með Landspítala sem miðju kerfisins.

Formaður tók vel í hugmyndina og lagði áherslu á að Spítalinn okkar væri félag fyrir allt landið og mikilvægt væri að tengja Landspítala við heilbrigðisþjónustu um land allt.

Sveinn Magnússon tók einnig til máls. Hann sagði frá því að hann ætti sæti í stjórn Landspítala sem formaður, en stjórn spítalans væri fyrst og fremst ráðgefandi stjórn fremur en hefðbundin stjórn með ákvörðunarvald.

Hann vakti athygli á því að tafir á framkvæmdum hefðu haft áhrif á endurnýjun tækjakosts og taldi mikilvægt að hafa áhyggjur af þeirri þróun.

Sveinn lýsti jafnframt ánægju sinni með starfsemi Spítalans okkar og mikilvægi þess að halda áfram að efla samtökin og horfa til tenginga við heilbrigðisþjónustu um allt land.

## 8. Fundarslit

Fundi var slitið kl. 16:10.

Þorkell Þakkaði fyrir góð innlegg undir liðnum önnur mál, stuðning við starf sitt sem formaður og kjör stjórnar. Þakkaði einnig stjórnarinn fyrir gott samstarf á liðnu ári. Hann fór sérstaklega yfir þær breytingar sem orðið hefðu á stjórn félagsins og þakkaði Jóni Ólafi Ólafssyni sérstaklega fyrir góð störf í þágu félagsins en hann hefur setið í stjórn félagsins frá stofnun þess árið 2014.

Þá bauð hann nýja stjórnarmenn velkomna og þakkaði Önnu Stefánsdóttur fyrir fundarstjórnina og hennar mikilvæga framlag í baráttunni fyrir uppbyggingu spítalans.

Að lokum kynnti hann seinni hluta dagskrárinnar, erindi þeirra Ólafs Baldurssonar annars vegar og hins vegar þeirra Svanhildar Sigurðardóttur og samstarfskonu hennar Guðfinnu Mjallar Magnúsdóttur .

Undirritun fundarstjóra og formanns.

---

## Samantekt úr erindi Ólafs Baldurssonar

Í erindi sínu fjallaði Ólafur Baldursson um þá miklu umbreytingu sem nú stendur yfir í starfsemi Landspítala og þær áskoranir og tækifæri sem fylgja uppbyggingu nýs háskólasjúkrahúss.

Hann benti á að þróunarstarf væri orðið brýnt vegna langvarandi aðstöðuleysis, hraðra tæknibreytinga, breytinga á vinnumarkaði og nýrrar kynslóðar heilbrigðisstarfsfólks sem hefði aðrar væntingar og hugmyndir um vinnuumhverfi og þjónustu. Einnig skipti miklu máli að nýjar byggingar Landspítala og Háskóla Íslands í Vatnsmýrinni sköpuðu ný tækifæri til samþættingar og samstarfs.

Ólafur fór yfir að samkvæmt stefnumótunarvinnu um framtíðarþróun þjónustu Landspítala væri þörf á verulegum breytingum og heildrænni kerfisþróun en ekki eingöngu stækkun húsnæðis. Meðal áhersluatriða væru:

- að styrkja kjarnahlutverk Landspítala sem háskólasjúkrahúss,
- bæta flæði sjúklinga,
- efla samræmda og langtímamiðaða stefnumótun,
- nýta heilbrigðistækni betur,
- og færa þjónustu nær fólki þegar það ætti við.

Hann lýsti einnig þeirri undirbúningsvinnu sem nú stæði yfir innan Landspítala, meðal annars samhæfingu framkvæmdastjórnar, vinnu umbreytingateymis, áhættugreiningum, haghafa- og menningargreiningum auk aukinnar áherslu á samskipti og breytingastjórnun.

Í erindinu kom fram að þrátt fyrir að þjónusta spítalans hefði í mörgum tilfellum gengið vel við erfiðar aðstæður væri enn þörf á auknu samræmi milli starfseininga, betri samvinnu og sterkari sameiginlegri sýn innan spítalans. Ólafur nefndi einnig að langvarandi bið eftir nýjum byggingum hefði skapað ákveðna tortryggni og efasemdir meðal starfsfólks um að breytingarnar yrðu að veruleika.

Að lokum fjallaði hann um framtíðarsýn fyrir árið 2035 þar sem:

- hlutverk Landspítala sem háskólasjúkrahúss væri skýrt,
- samstarf við heilsugæslu, sjálfstætt starfandi sérfræðinga og landsbyggðina væri öflugra,
- sjúklingar fengju þjónustu á réttu þjónustustigi,
- starfsumhverfi yrði eftirsóknarvert,
- og vísinda-, gæða- og nýsköpunarstarf yrði enn öflugra.

### **Samantekt úr erindi Guðfinnu Mjallar Magnúsdóttur og Svanhildar Sigurðardóttur**

#### ***„Mikilvægi heilandi garða við heilbrigðisstofnanir“***

Í seinna erindi fundarins fjölluðu Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir og Svanhildur Sigurðardóttir um mikilvægi heilandi garða og grænna svæða við heilbrigðisstofnanir og þau áhrif sem náttúra og vel hannað umhverfi geta haft á heilsu, líðan og bata fólks.

Fram kom að rannsóknir sýni að vel hannaðir heilandi garðar geti:

- dregið úr streitu,
- aukið einbeitingu og vellíðan,
- endurnýjað orku,

- og haft jákvæð áhrif á bataferli sjúklinga, starfsfólks og aðstandenda.

Þær bentu á að jafnvel það eitt að hafa útsýni út í gróður eða náttúru frá sjúkrarúmi geti haft mælanleg áhrif á líðan sjúklinga. Vísað var til rannsókna sem sýna að sjúklingar með útsýni yfir náttúru eða gróður þurfi oft minni verkjalyf og dvelji skemur á sjúkrahúsi en þeir sem hafi ekkert náttúruútsýni.

Í erindinu var einnig fjallað um:

- mikilvægi grænna almenningsrýma í borgarhönnun,
- hvernig græn innviði geti stutt við andlega og líkamlega heilsu,
- og að sérstaklega ætti að leggja áherslu á slíkt umhverfi við heilbrigðisstofnanir þar sem sjúklingar, starfsfólk og aðstandendur búi oft við mikið álag.

Þær ræddu jafnframt um hvernig heilandi garðar gætu stutt við:

- sjúklinga í bataferli,
- aðstandendur sem dvelja lengi við erfiðar aðstæður,
- og starfsfólk heilbrigðisstofnana sem starfar undir miklu álagi.

Fram kom að hugmyndafræði svokallaðrar Attention Restoration Theory í umhverfissálfræði byggir á því að náttúra og gróður geti hjálpað fólki að endurheimta einbeitingu og draga úr streitu.

Að lokum sýndu þær dæmi um heilandi garða á norðurslóðum og ræddu hvernig hægt væri að þróa slíkt umhverfi hér á landi við nýjar heilbrigðisbyggingar, meðal annars við nýjan Landspítala.

Fundargestir sýndu erindinu mikinn áhuga og sköpuðust góðar umræður um mikilvægi umhverfis og náttúru sem hluta af nútímalegri heilbrigðisþjónustu.